



Reykjavík, 26. janúar 2026
VEL25080057

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um styrkveitingar úr borgarsjóði til verkefna á sviði félags- og velferðamála 2026

Á fundi velferðarráðs þann 21. janúar 2026 voru meðfylgjandi tillögur um styrkveitingar velferðarráðs úr borgarsjóði til verkefna á sviði félags- og velferðamála 2026 samþykktar.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Framsókn gagnrýnir harðlega niðurskurð á styrkveitingum til opna leikskólans Memmm Play, sem sinnir afar mikilvægu starfi fyrir foreldra og ung börn í hverfum borgarinnar. Memmm Play heldur úti gjaldfrjálsu, framsæknu og faglegu starfi í samfélagshúsum borgarinnar. Í gegnum opna leikskólann fá börn sem ekki eru komin í leikskóla tækifæri til að kynnast öðrum börnum og taka þátt í faglegu starfi undir leiðsögn umsjónarmanna Memmm Play. Jafnframt hefur í kringum starfið myndast öflugt tengslanet foreldra í hverfum borgarinnar sem eflir félagsauð og stuðning á milli fjölskyldna. Slíkt foreldrasamstarf gegnir lykilhlutverki í forvarnarstarfi til framtíðar og dregur úr félagslegri einangrun sem getur myndast í fæðingarorlofi. Viðvera opna leikskólans í samfélagshúsum borgarinnar hefur einnig haft jákvæð áhrif á samfélagshús borgarinnar, aukið vitneskju um þau og kynslóðablöndun í þeim. Aðsóknin í opna leikskólann er mikil og umsjónarfólk hefur verið tilbúið til að auka opnunartímann til að mæta eftirspurn. Meirihlutinn virðist þó ekki vilja bregðast við þeirri þörf og leggur til að styrkur borgarinnar til starfsins verði lækkaður. Þannig sker vinstri meirihlutinn niður í velferðarmálum. Styrkurinn er sambærilegur við Hafnarfjörð, þrátt fyrir að íbúar borgarinnar séu um fimmfalt fleiri. Einnig er gagnrýnt að styrkveitingar til Foreldrahúss hækki ekki á milli ára.

Tillögur um úthlutun almennra styrkja og þjónustusamninga til eins árs eru sendar borgarráði til kynningar.

Tillögur um úthlutun styrkja með þjónustusamningum til þriggja ára eru sendar borgarráði til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir,

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga um styrkveitingar úr borgarsjóði til verkefna á sviði félags- og velferðarmála 2026, lagðar fram á fundi velferðarráðs 21. janúar 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



Reykjavík, 12. janúar 2026
VEL25080057

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Styrkjahópur velferðarráðs

Efni tillögu: *Styrkveitingar velferðarráðs úr borgarsjóði 2026*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu styrkjahóps velferðarráðs um styrkveitingar úr borgarsjóði til verkefna á sviði félags- og velferðarmála fyrir árið 2026.

Greinargerð:

Meðfylgjandi eru tillögur styrkjahóps velferðarráðs um styrkveitingar velferðarráðs fyrir árið 2026 en í hópnum áttu sæti Guðný Maja Riba varaformaður velferðarráðs, Helgi Áss Grétarsson, fulltrúi í velferðarráði og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs. Starfsmaður hópsins var Randver Kári Randversson, sérfræðingur á velferðarsviði. Alls bárust 41 umsókn um styrki að upphæð 318.062.623 kr. Heildarfjárheimild á árinu 2026 vegna styrkja úr borgarsjóði nam 135.534.276 kr. en þar af er kostnaður við gildandi þjónustusamninga til þriggja ára 94.202.751 kr. Til ráðstöfunar var því 41.331.525 kr.

Í tillögunni er gert ráð fyrir almennum styrkjum að upphæð samtals 900.000 kr., þjónustusamningum til eins árs að upphæð samtals 15.400.000 kr. og þjónustusamningum til þriggja ára að upphæð samtals 25.000.000 kr. eða samtals 41.300.000 kr.

Fylgiskjal:

Tillögur um styrkveitingar velferðarráðs úr borgarsjóði 2026.



Reykjavík

Almennir styrkir 2026

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Umsókn 2026	Tillaga fyrir 2026	Styrkur á síðustu 5 árum	Skil á gögnum vegna fyrri styrkja
1	Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn	Alþjóðlegi Geðheilbrigðisdagurinn 10.10.26	450.000	0	x	
2	Ásdís Birna Bjarkadóttir	Bók fyrir börn fanga	1.000.000	600.000		
3	Elín Vigdís Guðmundsdóttir	Jóga og hugleiðsla fyrir ungmenni	720.000	0		
4	Ferðafélagið Víðsýn	Ferðalög fólks með geðraskanir með stuðningi og virkni	300.000	0		
5	Korpúlfar, félag eldri borgara	Kaup á þykktarhefli fyrir tréútskurð Korpúlfa	500.000	0	x	x
6	Vínaskákkfélagið	Allir geta teflt skák	300.000	300.000	x	x
		Samtals:	3.270.000	900.000		

Þjónustusamningar til eins árs 2026

	Fyrirtæki/stofnun	Heiti verkefnis	Umsókn 2026	Tillaga 2026	Styrkur á síðustu 5 árum	Skil á gögnum vegna fyrri styrkja
1	ADHD samtökin*	Ráðgjöf og stuðningur við fólk með ADHD	3.000.000	0	x	x
2	Áróra Huld Bjarnadóttir	Foreldrastuðningur	2.500.000	0		
3	Átak, félag fólks með þroskahömlun	Gos og G-vítamín	4.108.000	0	x	x
4	Átak, félag fólks með þroskahömlun	Vitundarvakning um mikilvægi samráðs við fatlað fólk	3.802.000	0	x	x
5	EAPN á Íslandi,samtök gegn fátækt	Efling á starfi EAPN, samtaka gegn fátækt	1.500.000	0	x	x
6	Einhverfusamtökin	Stuðningshópar Einhverfusamtakanna í Reykjavík	2.900.000	0	x	x
7	Ekki gefast upp ehf.	Ekki gefast upp	2.500.000	0		
8	Guðbjörg Ása Jónsd. Huldadóttir	Hvað finnst þér? -brú á milli aldurskeiða	1.200.000	0		
9	Haukur Brynjarsson	Rauðu flöggin	2.000.000	0		
10	Heiðrún Kristín Guðvarðsdóttir	Vinalestur Heiðrúnar - lesþjálfun til framtíðar	5.660.000	0		
11	Hryhorii Yermolenko	Comprehensible Input Icelandic — Language Integration Video Series	2.016.278	0		
12	Hugarafi, félagasamtök*	Notendastýrð starfsemi byggð á valdeflingu og batahugmyndafræði	14.960.000	3.000.000	x	x
13	Ína Ólöf Sigurðardóttir	Stuðningsnet	3.500.000	0		
14	Katarzyna Beata Kubis	Stuðningshópur fyrir erlenda foreldra fatlaðra barna	1.500.000	1.500.000		
15	Katrín Jónsdóttir	Minning um mann	1.780.000	0		
16	Listvinnzlan - listorkuver fta.	Listvinnzlan - listorkuver fta.	13.800.000	3.000.000	x	x
17	Mæðrastyrksnefnd Reykjavík	Aðstoð við bágstadda	5.000.000	2.900.000	x	x
18	Okkar heimur, góðgerðarsamtök	Fjölskyldusmiðjur	10.692.480	2.000.000	x	x
19	Samhjálp, félagasamtök	Kaffistofa Samhjálp - nýtt upphaf	30.000.000	0	x	x
20	Sjálfsbjörg, félag hreyfihamlaðra	Félagsstarf, ráðgjöf og stuðningur	2.000.000	0	x	
21	Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð ses.*	Sjónarhóll - ráðgjöf og stuðningur	15.000.000	3.000.000	x	x
22	Stígamót	Sjúkást og sjúktspjall 2026	4.000.000	0	x	x
23	Teen Challenge Ísland	Vonarljós - kvennameðferð í Fljótshlíð	3.800.000	0		
24	Yi-Jen Chang	Weaving Island Song: Expressive Arts for Refugee and Migrant Children and Youth in Iceland	2.853.865	0		
25	Það er von, góðgerðarsamtök	Brúum bilið	3.000.000	0		
26	Það er von, góðgerðarsamtök	Stuðningsfundir fyrir aðstandendur fólks með fíknivanda	2.000.000	0		
27	Þykjó ehf.	Götuleikir	4.000.000	0		
	*sóttu um 3 ára samning	Samtals	146.072.623	15.400.000		

Þjónustusamningar til þriggja ára 2026-2028

	Fyrirtæki/stofnun	Heiti verkefnis	Umsókn 2026-28	Tillaga 2026	Styrkur á síðustu 5 árum	Skil á gögnum vegna fyrri styrkja
1	Bergið Headspace	Bergið - ráðgjöf og stuðningur fyrir 12-25 ára	10.000.000	5.000.000	x	x
2	Blindrafélagið	Stuðningur til sjálfstæðis	10.000.000	0	x	x
3	Félag heyrnarlausra	Velferðarþjónusta við heyrnarlausra	22.100.000	0	x	x
4	Foreldrahús ses.	Áfengis- og vímuefnaráðgjöf	15.000.000	10.000.000	x	x
5	Gigtarfélag Íslands	Gigt og fjölskylda – fagleg ráðgjöf og stuðningur	18.990.000	0	x	x
6	Hjálparstarf kirkjunnar	Ráðgjöf og valdefling fólks sem býr við fátækt og félagslega einangrun	18.980.000	0	x	x
7	Memmm Play	Opni leikskólinn	28.900.000	10.000.000	x	x
8	Þjóðkirkjan	Skjólið	41.750.000	0	x	x
		Samtals:	165.720.000	25.000.000		

Samningur	Gildistími	Upphæð 2025	Upphæð 2026	Forsendur
Samtök um kvennaathvarf	2024-2026	12.901.250	13.249.584	Samningsupphæð tekur breytingum m.v. verðlagsf.
Reykjadalur	2024-2026	10.321.000	10.599.667	Samningsupphæð tekur breytingum m.v. verðlagsf.
Þjónustusamningur við Bataskóla Íslands	2025-2027	12.385.200	12.719.600	Samningsupphæð tekur breytingum m.v. verðlagsf.
Stígamót	2025-2027	12.700.000	13.042.900	Samningsupphæð tekur breytingum m.v. verðlagsf.
Draumasetrið	2025-2027	15.000.000	15.405.000	Samningsupphæð tekur breytingum m.v. verðlagsf.
Afstaða til ábyrgðar	2025-2027	6.000.000	6.162.000	Samningsupphæð tekur breytingum m.v. verðlagsf.
AE starfsendurhæfing - Hlutverkasetur	2025-2027	12.000.000	12.324.000	Samningsupphæð tekur breytingum m.v. verðlagsf.
Styrktarélag Klúbbsins Geysis	2025-2027	4.000.000	4.000.000	Engin ákvæði um hækkunir v. verðlagsforsendna
Samtals:		85.307.450	87.502.751	

Lykill	Lykill (T)	Vinnuáætlun (C)
5629	Aðrir þjónustusamningar	73.941.936
5799	Óskipt fjárhagsáætlun	43.106.856
5829	Aðrir styrkir	18.485.484
		135.534.276

Tillaga	
Þjónustusamningar og styrkir til félagsmála - F3610 - áætlun	135.534.276
Þjónustusamningar samþykktir 2024 til þriggja ára*	23.849.251
Þjónustusamningar samþykktir 2025 til þriggja ára**	63.653.500
Svigrúm vegna leiðréttinga	6.700.000
Afgangur:	41.331.525